

AUGLÝSING um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

Dægradvöl, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 11. apríl 2018 deiliskipulagstillögu fyrir Dægradvöl. Tillagan tekur til byggingar allt að 40 m² gestahúss og 30 m² geymslu. Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagstillagan öðlast þegar gildi.

Moldnúpur, deiliskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 11. apríl 2018 deiliskipulagsbreytingu fyrir Moldnúp. Breytingin tekur til byggingar allt að 200 m² einbýlishúss og aðkomu að því. Samhliða er leiðrétt afmörkun byggingarreita á Moldnúpi 1 og 2. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Stórólfshvoll, deiliskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 8. febrúar 2018 deiliskipulagsbreytingu fyrir Stórólfshvol. Breytingin tekur til afmörkunar byggingarreits nr. 8. Innan fyrrgreinds byggingarreits verður heimilt að byggja allt að 200 m² bað-/sánahús. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Hamragarðar/Seljalandsfoss, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 10. janúar 2019 deiliskipulagstillögu fyrir Hamragarða/Seljalandsfoss. Tillagan tekur til um 90 ha svæðis við Hamragarða og Seljalandsfoss. Tillagan tekur m.a. til breyttrar aðkomu að svæðinu með tilfærslu á Þórsmerkurvegi nr. 249, breytingum á legu núverandi göngustíga og skilgreiningum þeirra, staðsetningu bílastæða og byggingar þjónustumiðstöðvar. Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagstillagan öðlast þegar gildi.

Drangshlíðardalur, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 13. desember 2018 deiliskipulagstillögu fyrir Drangshlíðardal. Tillagan tekur til 3 ha svæðis umhverfis bæjarhúsin þar sem gert er ráð fyrir nýju íbúðarhúsi, stækkun á núverandi fjósi og fjárhúsi, rafstöð, inntakslóni og aðrennslislögn ásamt vegslóða. Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagstillagan öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 4. mars 2019.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

Guðmundur Úlfar Gíslason, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.